

Tíundi fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar
Fundurinn haldinn 2. desember 2011 kl. 11.10 við Hlíðarveg.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi. Fyrir hönd kennara mætti Guðný Róbertsdóttir og fyrir hönd annarra starfsmanna mætti Sigríður Salmansdóttir. Fyrir hönd nemenda Ágúst Örn Jónsson og Grétar Áki Bergsson. Einnig mættu aðstoðarskólastjóri Ríkey Sigurbjörnsdóttir og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Undir þessum lið var rætt um vinnubrögð skólaráðs í framtíðinni, þegar koma á ábendingum á framfæri t.d. við bæjaryfirvöld. Ekki dugar að senda fundargerð heldur verður að senda formlegt erindi.

2. Niðurstöður foreldrakönnunar

Farið yfir niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir foreldra nemenda í 8.-10. bekk á foreldraviðtalsdaginn 11. nóvember 2011. 66 foreldrar svöruðu könnuninni en 103 nemendur eru í þessum bekkjum. Almennu eru niðurstöður jákvæðar en bregðast þarf við niðurstöðum tveggja spurninga, þ.e. 9 og 11 en þær varða einelti. Rætt um þá hugmynd að leggja tengslakönnun fyrir nemendur á unglingastigi til að kortleggja félagslega stöðu nemenda. Könnun á vegum Olweusar áætlunar fer fram í desember.

3. AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA – ALMENNUR HLUTI

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út nýja aðalnámskrá grunnskóla – almennan hluta í maí sl. Ákveðið að senda skólaráðsmönnum hlekkinn svo þeir geti kynnt sér námskrána.

4. Reglugerð

Ný reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum kom út á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í október sl. Reglugerðin lögð fram til kynningar á fundinum.

5. Önnur mál

- Fulltrúar nemenda upplýstu að nemendaráð hafi fjallað um óskir nemenda á skipulagi Litlu jóla.
- Umræður um biðskýli vegna skólaaksturs í frh. af bókun síðasta fundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12.10